

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1815*  
*komudagur 4.5.2005*

Reykjavík, 3. maí 2005,

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Vegna þingmáls 145, tillaga til þingsályktunar um heiðurslaun listamanna.

## **Almennar athugasemdir Frjálshyggjufélagsins um tillögu til þingsályktunar um heiðurslaun listamanna.**

Frjálshyggjufélagið er andvígt heiðurslaunum listamanna. Grundvallarmunur er á starfslaunum listamanna annars vegar og heiðurslaunum listamanna. Frjálshyggjufélagið er andvígt starfslaunum listamanna. Það hefur komið fram á öðrum vettvangi og lesa má um þá röksemdafærslu sem að því lýtur á vef félagsins.

Listamenn, eins og annað vinnandi fólk, ættu að leggja fyrir hlutfall tekna sinna á sinni starfsævi. Óeðlilegt er að ríkið styðji listamenn sérstaklega þegar þeir komast á eftirlaunaaldur. Hafi listamenn skapað list sem neytendum listarinnar hefur líkað eru allar líkur á að listamaðurinn hafi að búið við bærileg fjárhagsleg kjör á sínum ferli og hafi því haft svigrúm til að leggja fyrir. Þeir listamenn sem líklegir eru til að hljóta heiðurslaun eru því þeir sem síst þurfa þess með, að öðru jöfnu.

Heiðurslaun listamanna draga úr hvata listafólks til að leggja fyrir peninga til elliára sinna, sér í lagi ef listamaður hefur hlotið svo víðtæka viðurkenningu að líklegt má telja að hann eigi heiðurslaunin vís.

Óeðlilegt er að þvinga skattgreiðendur til að greiða á þennan hátt til fámenns hóps fólks sem valdi sér starfsvettvang innan listageirans. Háir skattar koma fátæku fólki verst og því ætti ætíð að vera á varðbergi gagnvart óþörfum ríkisútgjöldum.


Frjálshyggjufélagið mótmælir því, og breytir aðkoma Bandalags íslenskra listamanna þar engu um, að fámennur hópur fólks geti af geðþótta ákveðið hverjir hljóti laun frá ríkinu. Eðlilegast er að eigendur peninganna, fólkíð sjálf, ákveði hvernig það ráðstafar eignum sínum og geti þannig, sýnist því svo, styrkt listamenn með hvaða hætti sem þeim sýnist

bestur.


Frjálshyggjufélagið telur óeðlilegt að laun frá ríkinu séu greidd eftir að starfsmaður hefur lokið störfum. Ef metnaður ríkisins stendur til þess að efla listir í landinu er þetta því kolröng aðferð. Ef móttaka launanna hefur, eins og nafnið gefur til kynna, heiður í sér fólgin, spyr félagið af hverju ekki séu þá upp teknar mánaðarlegar launagreiðslur til fálkaorðuhafa, eða á hinn bóginn af hverju heiðursmerki listamanna sé ekki nægjanlegt fyrir stjórnámálamenn til að heiðra listamenn.

Listamenn eru að jafnaði hvorki merkilegri né ómerkilegri en aðrir. Mismunun í formi heiðurslauna listamanna er því röng. Alþingismenn ættu að hugsa um spakmæli bandaríska hagfræðingsins og nóbelsverðlaunahafans Miltons Friedmans „Þú skalt ekki gera góðverk þín á kostnað annarra.“

Virðingarfyllst,



Gunnlaugur Jónsson,  
formaður Frjálshyggjufélagsins



Friðbjörn Orri Ketilsson,  
framkvæmdastjóri Frjálshyggjufélagsins